



Karólína í einu af uppáhalds myndumhverfi sínu; íslenskri náttúru.

Myndina tók Emilia Björg Björnsdóttir.

— Hvernig færðu hugmyndir að verkum þínum?

„Ég á nú ekki mjög gott með að útskýra það, og það er líka mjög mismunandi. Oft fæ ég hugmyndir, þar sem ég sé fyrir mér fullgerða mynd, sem ég þarf nánast aðeins að fá tíma til að koma á léreft. Oft eru þetta líka einhverjar minningar, eitthvað fólk sem ég man eftir, og finnst ég þurfi að setja á mynd. Þetta er svona alla vegna, engin nein sérstök „formúla“ eða regla um það hvernig hugmyndir verða til og enda sem málverk.“

Íslenskt landslag svo sérstætt

— Íslenskt landslag er áberandi í mörgum mynda þinna, þótt þú búir erlendis. Er það af söknuði eftir Íslandi sem þú málar þannig?

„Mér finnst gaman að koma hingað, og geri það of sjaldan, en þó finnst mér ég ekki sakna Íslands, ekki á þann hátt að minnsa kosti, sem margir halda. En íslenskt landslag er afskaplega sérstætt, og það er það sem ég nota í myndunum. Þetta er íslenskt landslag og íslensk náttúra eins og ég man hana og sé fyrir mér. Í

flestum tilvikum eru þetta einhverjir ókunnir staðir, staðir sem líklega finnast ekki, fjöll sem ekki eru til, en þó dæmigert íslenskt landslag. Fólk á að sjá að þetta er íslenskt fjall, en það þekkir ekki Esjuna, Keili eða eitthvað annað, þannig hugsa ég það að minnsta kosti ekki! Þetta er landslag sem ég sé í huganum, og fólk er eitthvað fólk sem kemur til mín, og ég set í myndirnar. Annað ekki. Er ég nú kannski farin að tala voðalega gáfulega eins og allir listamenn, eins og ég ætlaði ekki að tala?“

— Hvað ræður því, hvort þú málar eitthvert tiltekið efni, eða einhverja hugmynd, í vatnslitum eða olíu, og hvaða myndir koma í grafík?

„Þessar hugmyndir sem ég fæ, og ég sagði þér frá; þegar myndir standa mér fyrir hugskotssjónum tilbúna, þær mála ég yfirleitt í olíu. En svo fer þetta einnig eftir hvað ég er að fást við í það og það skiptið. Best finnst mér að taka tærni í hverri tækni; ég er með olíuliti í tvo mánuði, tek síðan fyrir vatnsliti og síðan grafík, og svo framvegis, án þess að nokkur regla sér þar á. Þetta kemur til af því að mér finnst gott að breyta til, og svo er það líka töluvert fyrirtæki að taka upp olíuliti, og þó enn frekar allt sem þarf til grafíkmyndagerðar. Annars hef ég ekki hugsað mikið úti hvað hér ræður ferðinni, þetta kemur allt af sjálfu sér. En í þessu öllu, þá finnst mér alltaf sem mig skorti tíma, ég hef aldrei nægan tíma til að gera það sem ég vil og hef áhuga á. En þetta er víst eins alls staðar, hvort sem maður er bládamadur, listmálari eða eitthvað annað. En áður en ég hætti að tala um það hvernig myndirnar verða til, og hvaða tækni ég nota, þá má ég til með að koma því að, að það er oft svo erfitt að átta sig á þí hvernig myndir á endanum verða, sem maður vinnur að. Þetta á fyrst og fremst við um grafíkina. Maður gerir einhverja mynd, vinnur hana eins og hún á að vera, en síðan þegar hún er þrykkt, þá verður hún aldrei alveg eins. Það er oft spennandi að sjá hver útkoman verður, og góð grafíkmynd getur af þessum sökum oft verið tilviljun. Það er þetta „element og surprise“ sem heillar mig, hið óvænta í listinni,“ sagði Karólína að lokum.

Hið óvænta heillar mig

Rætt við Karólínu Lárusdóttur, sem í dag opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum

Eftir að fréttir bárust af því að hingað til lands væri væntanleg með mikla sýningu, Karólína Lárusdóttir listmálari, hefur nokkurrar spennu gætt meðal myndlistaráhugamanna. Karólína er vafalítið í röð fremstu íslenskra listmálara um þessar mundir, en hér heima hefur hún ekki haldið sýningu síðan árið 1968, enda búsett úti í Englandi. En nú er Karólína komin heim, og í farteski sínu hefur hún gífurlega mikla sýningu; hátt á annað hundrað vatnslitamyndir, olíumálverk og grafíkmyndir.

Bládamadur hitti hana að máli þar sem hún var önnur kafin við að bera málverkin inn á Kjarvalsstaði með góðri aðstoð Guðmundar Axelssonar í Klausturhólum, og einnig var hún byrjuð að sjá hvernig verkin tækju sig sem best út í Vestursal Kjarvalsstaða, og svo þurfti að huga að römmunum.

Listin mikið einkamál

„Mér finnst ákaflega erfitt að ræða um list mína, eða útskýra á „gáfulegan“ hátt hvað ég sé að fara í einstökum verkum, eða hver boðskapur þeirra eigi að vera. Bæði er ég lítið hrifin af listamönnum sem tala of mikið um slíka hluti, og svo er mér listin mjög mikið einkamál, þótt einhverjum kunni að þykja það öfgakennt með listamann sem heldur opinbera sýningu! En þannig er það nú samt, ef það getur útskýrt þetta eitthvað, þá held ég að mér veitist oft álíka erfitt að ræða þessa hluti, og öðru fólk að útskýra trú sína, eða tala um kynlíf. Ég skal þó reyna hvað ég get,“ sagði Karólína brosandí, er bládamadur ætlaði að fyllast örvæntingu um að viðtalið væri þegar á enda, eða yrði öllu heldur ekki að neinu.

„Ef til vill á ég erfitt með að tala um það sem ég er að gera hverju sinni, eða um það sem ég hef gert, vegna þess hve mér finnst málverkin sem ég hef lokið við, fljótt tilheyra fortíðinni. Ég vinn hratt, oft að mörgum myndum í einu, en þegar ég hef lokið við málverkin, þá vil ég láta þau frá mér, og helst ekki sjá þau aftur. Það kemur oft fyrir að fólk er að bjóða mér heim, fólk sem á mynd-

ir eftir mig, en ég hef ekki gaman af slíkum heimsóknum, ef ég þarf að horfa á eða ræða um þessi málverk. Í rauninni líður mér hálf illa við slíkar aðstæður, svo gjörsamlega hef ég losað mig við þessi verk.“


— Svo þú hengir ekki myndir þínar upp á vegg heima hjá þér?

„Veggirnir eru alltaf fullir af myndum sem ég er að vinna að þá og þá stundina. Eins og ég sagði, þá er ég oft að vinna að mörgum verkum í einu, kannski tíu myndum, þá hanga þær uppi. Ég reyni þá oft að koma fyrstu hugmyndunum á léreftið eða blaðið, og fullvinn myndirnar síðan á eftir.“


Unnið mikið að undanfögnu

— En myndirnar á þessari sýningu, hvenær eru þær gerðar?

„Þær eru að mestu leyti málaðar á síðustu mánuðum, á þessu ári og í fyrra. Ég hef málað mjög mikið að undanfögnu, hef haft til þess betri tíma en áður, þegar synir mínir voru litlir. Ég hef eiginlega verið að mála frá morgni til kvölds, og mér finnst ég aldrei hafa nægan tíma. Mig langar til að mála alla skapaða hluti, og síðar meir vildi ég koma oftar hingað til Íslands, vinna jafnvel hér nokkra mánuði á ári.“



„Hér hef ég málað fólk úti í landslagi, hér er fólk ekki saman, en þó svo nálægt hvort öðru, eins og alltaf þegar maður sér fólk úti í náttúrunni.“



Hér hefur Karólína brugðið á leik í kunnu umhverfi: Sjálf Stjórnarráðshúsið er horfið, en ísbjörn kominn inn á sviðið í staðinn. Fjær sjást stytturnar og Esjan í baksýn.

Glæsilegur ferill og viðurkenningar

Karólína Lárusdóttir á um margt glæsilegan og sérstæðan feril í list sinni, og henni hefur verið margvíslegur sómi sýndur erlendis. Fyrsta einkasýning hennar var í Casa Nova í Reykjavík 1968. Þá tók hún þátt í sýningu í Royal Society of Painter-Etchers í London 1978, og sumarsýningu í Royal Academy í London 1979, og í sýningu hjá Essex Artists hjá Michael Rothenstein 1979. Þá sýndi hún á samsýningu með fjórum myndlistarmönnum í Harlow Playhouse Gallery í Englandi 1980 og hún hélt einkasýningu á vatnslitamyndum í Whitehall College fyrir á þessu ári, og samsýningu með öðrum listamanni í Regency Gallery skömmu síðar. Verk Karólínu hafa verið keypt á listasöfn í Englandi, og hún er félagi í þeim kunnna félagsskap Royal Society of Painter-Etchers.

Karólína er fædd í Reykjavík 1944 og varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1964. Þá fór hún til Englands til listnáms, var í Sir John Cass College 1964 til 1965, Ruskin School of Art í Oxford 1965 til 1967, og síðan í Barkling College of Art 1977.

Hin stóra sýning Karólínu á Kjarvalsstöðum verður opnuð klukkan 14 í dag, laugardag.

Anders Hansen